

# Grænfánanefnd fundargerð

---

Dagskrá fundar 10.01.2014:

1. Umræður um hvað við höfum gert og hvað við megum bæta.
2. Breytingartillaga á sáttmála grænfánans frá Kötluokoti
3. Hugmyndir að endurnýtingu.

1. Nemendur hafa verið mjög dugleg að nýta hluti sem annars er hent í verkefni í verkgreinum. Timbur sem átti að fleygja var notað í smíði. 1.-5.bekkur gerðu fiska og einnig smíðuðu 1.-2.bekkur mýs sem hafa það notagildi að vera líka pennastatív. Smíðahlutirnir voru svo færðir yfir í myndlistastofu og málaðir í öllum regnbogans litum. Smíðaafgangar (kubbar og listar) voru nýtt í frjáls verkefni þar sem nemendur límdu þá saman og máluðu og notuðu þá sköpunargáfuna og hugmyndaflugið. Einnig voru verkefni eins og að nýta pappa í málverk og kassar utan af mandarínnum veggfóðraðir með veggfóðursýnishornum sem átti að fleygja og unnið inn í þá (innsetning).

Umræður voru um það sem mátti bæta og voru nefndarmenn sammála um að alltaf mætti gera betur. Eins og t.d. passa betur flokkun á rusli, skola jóгурt og skyrdósir betur svo það mygli ekki í þeim, spara rafmagnið, ekki skemma neitt og ganga vel um húsgögn og ekki henda rusli út í náttúruna. Eins væri nauðsynlegt að taka upp rusl úti og fara með á sinn stað.

2. Breytingartillaga Kötluokots fjallaði um endurbætur á Grænfánasáttmálanum. Börnin vilja geta lesið sáttmálan en eru þó ekki orðin læs. Þau komu með eitt eintak af sáttmálanum sem búið var að myndskreyta sem sýnishorn, svo þau gætu nýtt sér myndlæsi. Það verður þó til þess að sáttmálinn þarf fleiri blöð til útprentunar en á móti kemur að nemendur skólans læra því fyrr og betur að tileinka sér grænfánareglurnar. Tillagan var samþykkt.

3. Hugmyndir að endurnýtingu: Sá plöntum í umbúðir t.d. mjólkurfernur, bakka og dósir. Nota pappakassana og gefa þeim nýtt hlutverk (gera hús, mála og fl.). Gera báta úr fernum. Baka rúgbrauð í fernum eða baukum. Og síðast en ekki síst að muna eftir að henda ónýtum rafhlöðum í baukinn hér í skólanum